

5. fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 15. maí kl 12.30

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Aníta Björk Pálinudóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Arnlín Óladóttir, Jón Sigmundsson, Matthías Lýðsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Forföll boðuðu, Árný Huld Haraldsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir, Finnur Ólafsson, Guðlaugur Jónsson, Jón Árnason, Kristján Þór Kristjánsson og Vilbergur Þráinsson. Í stað fulltrúa Reykhólahrepps situr Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps sem áheyrnarfulltrúi.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn, annarsvegar frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði einnig fundargerð. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi Urbana ehf, Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur, VSÓ ráðgjöf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur, VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

1. Fundargerð 4. fundar svæðisskipulagsnefndar 4. apríl 2024
2. Kynning lýsingar svæðisskipulags Vestfjarða 2050.
3. Skörun svæðisskipulaga á Vestfjörðum
4. Mótun frumdraga
5. Umsögn Skipulagsstofnunar um starfsreglur
6. Önnur mál

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið til boðaðar dagskrár.

1. Fundargerð 4. fundar svæðisskipulagsnefndar 4. apríl 2024

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 4. fundar svæðisskipulagsnefndar frá 4. apríl 2024. Fundargerð borinn upp og samþykkt samhljóða.

2. Kynning lýsingar svæðisskipulags Vestfjarða 2050.

Aðalsteinn kynnti bréf til sveitarfélaga dags 5. apríl 2024 með tillögu um afgreiðslu að lýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða í samræmi við afgreiðslu 4. fundar svæðisskipulagsnefndar þann 4. apríl 2024.

Aðalsteinn kynnti minnisblað um svör sveitarstjórna við erindi svæðisskipulagsnefndar um tillögu að lýsingu svæðisskipulags. Erindið hefur verið tekið fyrir og samþykkt einróma í öllum sveitarstjórnnum sem hér segir.

Árneshreppur, fundur sveitarstjórnar 23. apríl 2024

Bolungarvíkurkaupstaður, fundur bæjarstjórnar 7. maí 2024

Kaldrananeshreppur, fundur sveitarstjórnar 16. apríl 2024

Ísafjarðarbær, fundur bæjarstjórnar 18. apríl 2024

Reykhólahreppur, fundur sveitarstjórnar 16. apríl 2024

Strandabyggð, fundur sveitarstjórnar 14. maí 2024

Súðavíkurhreppur, fundur sveitarstjórnar 19. apríl 2024

Tálknafjarðarhreppur, fundur sveitarstjórnar 23. apríl 2024
Vesturbyggð, fundur bæjarstjórnar 24. apríl 2024

Hrafnkell tók til máls og fór yfir framkvæmd kynningar á lýsingu svæðisskipulagsins, sem verður lögð inn í Skipulagsgátt í framhaldi fundarins. Auglýsing verður í landsdekkandi fjölmiðlum, í héraði og erindi til lögbundinna aðila. Hann kynnti síðan fyrirkomulag opinna funda sem haldnir verða í lok maí.

Formaður gaf orðið laust, enginn tók til máls.

3. Skörun svæðisskipulaga á Vestfjörðum

Hrafnkell lagði fram minnisblað VSÓ ráðgjöf / Stefán Gunnar Thors um skörun svæðisskipulagsáætlana á Vestfjörðum.

Í gildi er svæðisskipulag Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Dalabyggðar til ársins 2030 sem skarast við gerð svæðisskipulags Vestfjarða. Leitað var álit Skipulagsstofnunar um þessa stöðu og hvaða valkosti væri um að ræða, sem hér segir.

1. Fella niður Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar
2. Tvær skipulagsáætlanir áætlanir og tvær svæðisskipulagnefndir starfi samhliða
3. Eitt svæðisskipulag sem nái einnig til Dalabyggðar og bjóða sveitarfélaginu að taka þátt í svæðisskipulagi Vestfjarða

Næsta skref væri að afloknu umsagnarferli lýsingar að báðar svæðisskipulagsnefndirnar eigi sameiginlegan fund með Skipulagsstofnun.

Til máls tóku

Ingibjörg Birna; kynnti að skipað hefði verið í svæðisskipulagsnefnd Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Dalabyggðar en nefndin hefði ekki komið saman eftir kosningar. Hún ræddi síðan þá valkosti sem væru til umræðu.

Matthías, lagði áherslu á hve mikilvægt hefði verið það samtal sem átti sér stað við vinnu að svæðisskipulaginu. Einn valkostur væri til viðbótar sem nefndir hafa verið, að Reykhólahreppur og Strandabyggðar segði sig frá vinnu við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða.

Lilja, ræddi hverjar væru áherslur svæðisskipulags Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Dalabyggð og tóku þá Matthías og Ingibjörg að nýju til máls.

Hrafnkell. Taldi að það væri hægt að samtvinnu áherslur svæðisskipulaga en það væri frekar við rekstur svæðisskipulags til framtíðar litið sem gæti leitt til aukins flækjustigs.

Aðalsteinn. Lagði til að haft verði samband við sveitarstjórn Dalabyggðar um málið.

Jón. Leggur til að haft verði sem fyrst samband við sveitarstjórnir sem eiga aðild að svæðisskipulag og vék af fundi 13.15

Formaður lagði fram tillögu. *Svæðisskipulagsnefnd felur starfsmanni og ráðgjafa svæðisskipulagsnefndar að undirbúa samtal milli svæðisskipulagsnefnda, Svæðisskipulags Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Dalabyggðar og Svæðisskipulags Vestfjarða í framhaldi af kynningu á lýsingu og stefna á sameiginlegan fund í ágúst n.k. Eins að fulltrúum Reykhólahrepps og Strandabyggðar í svæðisskipulagsnefnd verði falið að ræða við sínar sveitarstjórnir og við sveitarstjórn Dalabyggðar um efni máls.*

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

4. Mótun frumdraga.

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísí orðið.

Hrafnkell. Mótun frumdraga er ekki skilgreint stig skipulagvinnu en væri mikilvægur fasi í að skapa eitthvað nýtt. Frumdrögin væru mikilvæg til að þrengja valkosti, skerpa línur og fyrsta mat á áhrif á samfélag, umhverfi og efnahag en ekki til að svara öllum spurningum.

Tillaga hans að vinnulagi væri að kynna fimm framtíðarmyndir í upphafi á grundvelli forsendna í fólksfjöldaþróun og sviðsmyndum sem voru unnar 2018. Vinna nefndarinnar með sveitarstjórnnum væri ræða sig niður að einni framtíðarmynd sem svæðisskipulagið myndi hverfast um.

Formaður gaf orðið laust, enginn tók til máls.

Hrafnkell og Herdís kynntu tilgang og val á málflokkum fyrir kortlagningu og greiningu, sem unnin er samhliða vinnu að gerð frumdraga. Mikilvægt væri að efnistöð væru markviss. Kynnt voru drög að vali á efnisatriðum sem verði til umræðu í nefndinni. Kynningarglærur verða sendar fulltrúum svæðisskipulagsnefndar til skoðunar og óskað viðbragða þeirra.

5. Umsögn Skipulagsstofnunar um starfsreglur

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar 10. maí 2024 sem svar við bréfi Svæðisskipulagsnefndar frá 18. apríl 2024 um umsögn við starfsreglur nefndarinnar. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að starfsreglur verði birtar í B deild Stjórnartíðinda.

Svæðisskipulagsnefnd felur formanni að undirrita starfsreglur og starfsmanni nefndarinnar að senda þær til birtingar í B deild Stjórnartíðinda.

6. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

Formaður lagði áherslu á þátttöku svæðisskipulagsnefndar í opnum fundum í lok mánaðarins og hvetja aðra fulltrúa í sveitarstjórnnum til þátttöku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.40